



## **Þjónustusamningur um samræmda móttöku flóttafólks**

### **1. gr.**

#### **Gildissvið og markmið**

Samningur þessi tekur til þjónustu móttökusveitarfélags vegna samræmdrar móttöku flóttafólks samkvæmt kröfulýsingu sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur gefið út og er fylgiskjal 1 með samningi þessum. Í kröfulýsingunni er að finna lýsingu á þeim lágmarkskröfum sem ráðuneytið gerir til móttökusveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks á rekstrarfyrirkomulagi þjónustunnar og þjónustu við flóttafólk.

Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur. Með samræmdu móttökukerfi flóttafólks er stefnt að því markmiði að tryggja flóttafólki nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að það fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, vegna menntunar eða á öðrum sviðum.

### **2. gr.**

#### **Samningsaðilar**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Síðumúla 24, 108 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi).

Fjölmennigarsetur, Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður, kennitala 521212-0630, sem tengir saman flóttafólk og þjónustusala á grundvelli þessa samnings.

Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, kennitala: 470269-5969 (hér eftir nefnt þjónustusali).

### **3. gr.**

#### **Ábyrgð þjónustukaupa**

Með samningi þessum ber þjónustukaupi ábyrgð á að:

- Veita fjármagn til móttökuverkefnisins samkvæmt samningi þessum.
- Greiða fyrir þjónustu hjá Fjölmennigarsetri og Vinnumálastofnun eins og nánar er skilgreint í kröfulýsingu.
- Skipa Samstarfs- og samhæfingarnefnd sbr. kröfulýsingu.
- Annast eftirlit og úttektir eins og nánar er kveðið á um í kröfulýsingu.
- Veita fjármagn til þróunarverkefna sem tengjast verkefninu.
- Skipuleggja í samstarfi við Fjölmennigarsetur tvo starfsdaga árlega vegna fræðslu og endurmenntunar málstjóra.

### **4. gr.**

#### **Ábyrgð og verkefni þjónustusala**

Með samningi þessum tekur þjónustusali að sér að vera móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk samkvæmt skilgreiningu í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal 1, og hafa þegið boð um að setjast að í móttökusveitarfélagi og skráð þar lögheimili sitt (hér eftir nefndir notendur).

Þjónustusali samþykkir að veita að lágmarki 70 en að hámarki 80 notendum þjónustu á grundvelli þessa samnings.

Þjónustusali samþykkir að veita að hámarki 80 notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.



Greiðslur þjónustukaupa til þjónustusala miðast við þann fjölda notenda sem Fjölmeningarsetur hefur tilvísað í þjónustu til þjónustusala á gildistíma samningsins skv. 12. gr. og gerðar hafa verið stuðningsáætlanir fyrir.

Þjónustusali skal veita notanda einstaklingsmiðaða þjónustu í samræmi við kröfulýsingu og kostnaðarlíkan sem eru fylgiskjöl með samningi þessum. Þó skal þjónustusali að lágmarki veita notanda þjónustu annan hvern mánuð, svo sem í formi viðtals eða virkniúrræðis.

Á gildistíma þjónustu þjónustusala gagnvart notanda getur viðkomandi afþakkað þjónustuna og lokið henni áður en tímabilinu lýkur. Þjónustusali skal þá loka máli notanda. Óski viðkomandi eftir umræddri þjónustu á ný skal þjónustusali, að höfðu samráði við Fjölmeningarsetur, veita viðkomandi slíka þjónustu, sé svigrúm til þess skv. 2. og 3. mgr., og skal gildistími þjónustunnar þá taka mið af þeim tíma sem notandi hefur áður verið í þjónustu samræmdrar móttöku.

Flytjist notandi búferlum á milli sveitarfélaga á gildistíma samningsins geta sveitarfélög óskað eftir því við Fjölmeningarsetur að greiðslur skv. 5. og 6. gr. flytjist ennfremur á milli sveitarfélaga, enda séu bæði sveitarfélögin aðilar að verkefninu. Að höfðu samráði við Fjölmeningarsetur verður flutningur á greiðslum virkur frá og með öðrum mánuði eftir að lögheimili notanda er flutt. Frá fyrsta degi þess mánaðar telst það sveitarfélag sem flutt er til vera móttökusveitarfélag viðkomandi notanda.

Um ábyrgð og verkefni þjónustusala vísast til fyrrgreindrar kröfulýsingar þar sem kröfur til þjónustusala eru skilgreindar. Þá skal þjónustusali afla og miðla lykiltölum og gögnum um veitta þjónustu. Fenginn skal óháður aðili til þess að gera úttekt á verkefninu og skal þjónustukaupi standa straum af kostnaði við úttektina.

## 5. gr.

### Fyrirkomulag greiðslna og reikningar

Við undirritun samnings þessa greiðir þjónustukaupi ársfjórðungslega fjárhæð til þjónustusala út gildistíma samnings þessa. Sá fjöldi notenda skv. 4. gr. sem greitt er fyrir tekur mið af fjölda tilvísana Fjölmeningarseturs til þjónustusala og fjölda stuðningsáætlana sem þjónustusali hefur skilað til Fjölmeningarseturs. Fjárhæðin reiknast samkvæmt kostnaðarlíkani, sem er fylgiskjal 2 með samningi þessum.

Greiðsla í samningi þessum kemur frá málaflokki 29.70, *Málefni innflytjenda og flóttamanna*, og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 29, *Fjölskyldumál*, sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Greiða skal inn á reikning þjónustusala, nr. 0549-26-115 af fjárlagalið þjónustukaupa: 07-999-149.

Ársfjórðungslega skal þjónustusali senda Fjölmeningarsetri yfirlit yfir veitta þjónustu samkvæmt sniðmáti sem þjónustukaupi ákveður hverju sinni. Fjölmeningarsetur fer yfir yfirlitið og samþykkir það eða kemur á framfæri athugasemdum og/eða óskar eftir skýringum eigi síðar en tveimur vikum frá því að yfirlitið berst. Þegar Fjölmeningarsetur hefur samþykkt yfirlit þjónustusala getur þjónustusali gefið út reikning og sent þjónustukaupa. Lokauppgjör skal gert eigi síðar en 1. september ár hvert.

## 6. gr.

### Greiðslur

Greiðslur, aðrar en endurgreiðslur skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustukaupa til þjónustusala fyrir verkefni skv. kröfulýsingu eru:



FRN22090003

FRK23030001

- a) Vegna stuðnings, aðstoðar og ráðgjafar til notanda af hálfu félagsþjónustu þjónustusala. Greiðslurnar byggja á kostnaðarlíkani, sem er fylgiskjal 2 með samningi þessum, sem greinir umfang þessara þjónustubátta í málum er falla undir samning þennan. Umfang mála er umreiknað til stöðugilda innan félagsþjónustunnar. Auk launa er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum, orlofi og stjórnunarkostnaði. Miðað er við kjarasamninga FÍ við SNR, launaflokkur 14, þrep 4. Þá er gert ráð fyrir 25% í launatengd gjöld, 0,8% í fræðslu, 12% í orlof og 8% í stjórnunarkostnað, samtals 45,8%.
- b) Vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem flóttafólk fær greiddan á samningstímanum, á grundvelli almennra reglna sem móttökusveitarfélagið setur skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er endurgreiddur sveitarfélaginu fyrstu tólf mánuðina.

#### **7. gr.**

##### **Eftirlit**

Þjónustukaupi hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samningsins, s.s. með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala á samningi þessum m.a. hvað varðar aðbúnað notanda og inntak þjónustu. Þjónustusali veitir þjónustukaupa upplýsingar sem kallað er eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar.

#### **8. gr.**

##### **Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við notendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustusala verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum til málaflokks 29.70 eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustusala á grundvelli skertra fjárframlaga.

#### **9. gr.**

##### **Meðferð ágreiningsmála, vanefndir og riftun**

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla.

Þjónustukaupi getur frestað eða fellt niður greiðslur falli þjónusta þjónustusala niður eða hún er ekki veitt í samræmi við samning þennan, upplýsingum er ekki skilað á réttum tíma eða gæði þjónustunnar uppfyllir ekki kröfur samkvæmt kröfulýsingu og kostnaðarlíkani.

Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ef ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

#### **10. gr.**

##### **Varnarþing**

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



### 11. gr.

#### Framsal og aðkeypt þjónusta

Þjónustusala er óheimilt að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum. Honum er þó heimilt að semja við aðra aðila um að veita tiltekna þætti þjónustunnar og ber þá ábyrgð á henni með sama hætti og ef hún væri á eigin hendi.

### 12. gr.

#### Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og gildir frá 1. febrúar 2023 til 31. desember 2023.

### 13. gr.

#### Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er á gildistíma samningsins. Þó skal endurskoða samninginn þegar ár er eftir af samningstímanum frá undirritun hans. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir ákvörðun um hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er þrjú mánuðir. Uppsögn skal vera skrifleg.

### 14. gr.

#### Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu þjónustukaupa, eitt eintak í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis, eitt eintak í vörslu Fjölmenningsseturs og eitt eintak í vörslu þjónustusala.

16. mars 2023

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Félags- og vinnumarkaðsráðherra

---

Regína Ásvaldsdóttir  
Mosfellsbær

---

Nichole Leigh Mosty  
Forstöðukona Fjölmenningsseturs

---

Bjarni Benediktsson  
Fjármála- og efnahagsráðherra

#### Fylgiskjöl:

1. Kröfufylsing um þjónustu móttökusveitarfélaga við flóttafólk. Fyrsta útgáfa, dags. 19. nóvember 2022.
2. Kostnaðarlíkan, dags. 12. febrúar 2023.